



# Öryggisreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll



Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK**  
**Samþykjkjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar****Isavia Innanlandsflugvellir ehf.**  
**Öryggisreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll (BIRK)**

Eitt af megin markmiðum Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er slysalaus starfsemi á Reykjavíkurflugvelli. Þessar reglur miða að því að minnka hættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem ógna öryggi.

Stefna Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er að:

1. Setja flugöryggi og flugvernd framar fjárhagslegum þáttum, hagkvæmni, afkastagetu, sveigjanleika og umhverfismálum.
2. Sjá til þess að íslenskum sem og alþjóðlegum lögum, reglum, reglugerðum, stöðlum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði flugverndar og öryggismála sé framfylgt á BIRK.
3. Lágmarka áhættu í allri starfsemi á flugvellinum þannig að hún sé ásættanleg, og að áhætta á að flugslys verði á eða í nágrenni við flugvöllinn sé í raunhæfu lágmarki hverju sinni.
4. Hafa í verki fastmótað, skjalfest öryggisstjórnunarkerfi sem heldur utan um öryggismál á BIRK, ekki aðeins fyrir Isavia Innanlandsflugvellir ehf., heldur og líka allra þeirra sem sinna einhverri starfsemi eða þjónustu á BIRK og eru þar af leiðandi undir eftirliti Isavia Innanlandsflugvellir ehf.
5. Sjá til þess að öryggisreglur BIRK séu kynntar og þeim framfylgt.

Öryggisreglum BIRK er ætlað að útskýra gildandi kröfur, skyldur og öryggisstaðla varðandi starfsemi á BIRK. Rekstraraðilar og aðrir sem eiga erindi inn á völlinn, skulu gæta þess að lögum og reglugerðum sem eiga nánar um hvert atriði/málauflokk - skuli fylgt.

ISAVIA Innanlandsflugvellir ehf. setur kröfur um öryggisreglur. Þær skulu ekki virtar að vettugi, þeim breytt, dregið úr þeim eða felldar úr gildi með öðrum reglum og/eða af yfirvöldum öðrum en Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

Komi upp athugasemdir um atriði í þessum reglum skal þeim skilað skriflega með undirritun upphafsaðila til ISAVIA Innanlandsflugvalla ehf. til umfjöllunar eða leiðréttингar.

f.h. Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

Viðar Jökull Björnsson  
Umdæmisstjóri; umdæmi I

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

# HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

## Samþykjkjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

### Efnisyfirlit

Skilgreiningar:	4
Umfang	5
2 Öryggisreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll	6
2.1 Almennt	6
2.2 Aðgangsstýring	7
3 Öryggisreglur fyrir ökutæki og loffför	8
3.1 Almennt	8
3.2 Forgangsröð umferðar	8
3.3 Hraðatakmörk ökutækja	9
3.4 Kröfur til stjórnenda ökutækja og vinnuvéla	9
3.5 Akstur á flughlaði	9
3.6 Akstur á flug- og akbrautum	12
3.7 Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum – utan ATC tímabils	12
3.8 Vinnuvélar og dráttartæki	12
3.9 Flutningur á farþegum og farmi	13
3.10Eldsneytisáfylling loftfara	13
3.11Afísing loftfara	14
3.12Varasöm efni og meðferð þeirra	14
3.13Meðferð eldfimra efna	15
4 Viðbrögð við neyðarástandi	15
4.1 Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka	16
5 Framkvæmdir á flugvallarsvæði	16
5.1 Viðhald og viðgerðir á loftfórum utandyra	16
6 Eldsneyti og birgðastöðvar	17
7 Vinnuvernd og heilsugæsla	17

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

### Skilgreiningar:

**Aðgreint flugverndarsvæði** (Demarcated area): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnuðum aðgangi, þar sem heimilt er að stunda almannaflug milli landa.

**Almannaflug** (General aviation): Flug loftfars annað en atvinnuflug og verkflug.

**Almenningssvæði\*** (Landside): Sá hluti flugvallar sem ekki er flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.

**Athafnasvæði** (Movement area): Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og akstur þeirra á jörðu, þ.e., umferðarsvæði og hlöð Lög nr. 50/1987, um umferðarlög.

**Eldsneytisborgðastöð** Allar geymslutankar, bæði staðbundnar eða færðanlegar, sem innihalda eldsneyti ætlað til áfyllingar á loftför

**Flugstöð** (Terminal): Aðalbygging eða bygging þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.

**Flugsvæði\*** (Airside): Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu.

**Haftasvæði** (Security restricted area): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Slík svæði ná að jafnaði yfir m.a. öll brottfararsvæði á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæðis farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

**Hreint svæði á flughlaði** (Critical part of security restricted area on apron): Svæði í kringum millilandarloftfar í almenningsflugi sem er afmarkað með keilum og vaktað til að tryggja svæði á flugvernd.

**Hreint svæði í flugstöð** (Critical part of security restricted area in terminal): Svæði innan flugstöðvar sem aðgengilegt er þeim sem farið hafa í gegnum öryggisleit.

**Könnun á bakgrunni** (Background check): Könnun á því hver einstaklingur er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaferil að baki. Þetta er liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði án fylgdar.

**Skimun** (Screening): Beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.

**Umferðarsvæði** (Manoeuvring area): Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, lendingar og akstur loftfara, þó ekki á hlöðum. Umferðarsvæði skiptist í flugbrautir og akbrautir.

**Öryggisstjórnunarkerfi** (Safety management system): Kerfi til að stjórna öryggi á flugvöllum, sem felur í sér stjórnunarlega uppbyggingu, ábyrgð, verklag, aðferðir og ráðstafanir til að öryggisstefnu á flugvelli sé framfylgt af rekstraraðila, sem sér um öryggisráðstafanir og örugga notkun flugvallarins.

\*Athugasemd: Mörk almennings- og flugsvæðis eru að jafnaði um girðingu og mannvirki sem teljast hluti girðinga.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjkjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

### Umfang

*Öryggisreglurnar gilda fyrir alla sem eiga erindi inn á flugvöllinn - sjá dæmi en takmarkast ekki við eftifarandi:*

- Starfsfólk ISAVIA ohf. og dótturfélaga þess á BIRK.
- Starfsfólk löggreglu- og tollstjóraembættisins.
- Starfsfólk flugrekenda á BIRK
- Flugtengd starfssemi í atvinnuskyni innan Fluggarða
- Starfsfólk verktaka sem vinna fyrir einhverja ofangreindra stofnana eða fyrirtækja og þurfa skammtíma- eða almenn leyfisskírteini.
- Starfsmenn eldsneytis- og flugafgreiðsluaðila.
- Alla aðra starfsmenn á BIRK og í byggingum sem að honum liggja.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

### 1 Öryggisreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll

#### 1.1 Almennt

Stjórnendur og starfsfólk á flugvellinum er skylt að fara eftir þessum reglum. Brot á öryggisreglum getur valdið leyfissviptingu.

Hver sem verður vitni að því að öryggisreglum sé ekki fylgt skal senda inn tilkynningu til Isavia innanlandsflugvalla annað hvort á isavia.is eða [report@isavia.is](mailto:report@isavia.is)

Forsvarsmenn rekstraraðila á flugvöllunum skulu sjá til þess að öllu starfsfólki þeirra séu kynntar öryggisreglur flugvallarins. Halda skal skrá um menntun og þjálfun starfsmanna.

Stjórnendur fyrirtækja og stofnana sem reglur þessar ná til skulu leggja fram eigin vinnu- og öryggisreglur/öryggishandbók fyrir starfsfólk sitt þær skulu uppfærðar eftir þörfum/kröfum. Reglurnar skulu að minnsta kosti innihalda skýr ákvæði um að bannað sé að skilja eftir aðskotahluti eða lausamuni á flugvallarsvæðinu (FOD). Viðurkenndur sýnileikafatnaður er skylda innan girðingar flugvallarins. Undanskildir eru farþegar á leið í og úr loftfari. Skal þá viðkomandi ábyrgðaraðili/rekstraraðili/flugmaður fylgja með, hafa góða yfirsýn, þjappi hópnum saman (max 5 manneskjur per ábyrgðamann) og velji örugga gönguleið; fylgi merktum gönguleiðum þar sem þær eru.

Meðferð allra dýra er ekki heimil á BIRK nema með sérstöku leyfi frá flugvallastjóra BIRK, og þá eingöngu til sérstakra verkefna eða starfa á flugvellinum – t.d. sprengju- og fíkniefnaleitahundar.

Öll meðferð opins elds og allra verkfæra er geta valdið íkveikju er bönnuð á BIRK, nema með sérstöku leyfi flugvallastjóra (t.d. heit vinna). Óska skal heimilda í síma 894-3201. Uppsöfnun rusls er óheimil m.t.t. eldhættu. Öll meðferð skotelda er bönnuð á BIRK.

Reykingar eru bannaðar alls staðar innan girðingar (airside) á BIRK.

Öryggisreglurnar miðast við venjuleg veðurskilyrði. Í lélegu skyggni eykst áhætta á BIRK og er umferð um flug- og akbrautir BIRK þ.a.l. takmörkuð. Sjá nánar um opnunartíma vallarins og nákvæma lýsingu á veðurbunaði í AIP hverju sinni. Þeir aðilar sem hafa starfsleyfi fyrir flugafgreiðslu, þjónustu eða aðra starfsemi á BIRK, skulu hafa skýrar leiðbeiningar um ákvæði um starfsemi í lélegu skyggni í öryggis- og verklagsreglum sínum

Ef neyðarástand skapast, eða slys á fólk verður og þörf er á sjúkrabifreið, skal tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112. Einnig skal tilkynna hverskonar neyðarástand, óhapp, slys eða atvik sem skapar hættuástand, til vaktstjóra flugvallarins í síma 894-3201 sem sendir flugvallarþjónustu á vettvang.

Flugvöllurinn stýrir öllum framkvæmdum innan girðingar. Sækja skal um verkleyfi hjá Flugvallastjóra BIRK áður en framkvæmdir hefjast – sama á við um efni eða búnað sem færður er innfyrir girðingu. Að öðru leyti gilda reglur um verklegar framkvæmdir á flugvöllum skv. Lögum.

Slys, skemmdir eða ólag á loftfari, hversu lítil sem þau virðast vera, sem og á tækjabúnaði til þjónustu loftfars skal tilkynna flugvallaryfirvöldum.

Notkun skemmtitækja, eins og snjalltæki með heyrnartól, er bönnuð við störf á BIRK.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

---

### 1.2 Aðgangsstýring

Áhersluatriði tengd aðgangsstýringu

Flugsvæði Reykjavíkurflugvallar er aðgangsstýrt. Girðingar, hlið og hurðir milli almennings- og flugsvæðis skulu ávallt vera tryggilega frágengin og læst þegar engin umferð er um þau. Skylda er að tilkynna rof á ytri aðgangsvörnum vallarins, t.d. allar bilanir/skemmdir á hliðum og girðingum - beint til vaktstjóra flugvallaþjónustu í síma 894-3201 eða í gegn um tilkynningavef Isavia.

3m hindranalaust svæði er skylda sitthvorum megin við flugvallagirðingu, þ.e. búnað/mannvirki/ökutæki o.s.frv. sem hægt er að nota til að klifra yfir girðingu. Á það einnig við um snjósöfnun af bílastæðum, göngustígum o.s.frv. bæði almennings- og flugsvæðismegin í vetraraðstæðum.

Aðgangsheimild er skilyrði á Reykjavíkurflugvelli. Aðgangsheimild skal ávallt vera sýnileg.

Ber notendum vallarins að tilkynna óheimilar mannaferðir, eða grun um slíkt, beint til vaktstjóra flugvallaþjónustu í síma 894-3201 eða í gegn um tilkynningavef Isavia.

Gestir á ábyrgð og undir stöðugri umsjá aðila með gilda aðgangsheimild (hámark 5 manns) eru undanþegnir skilyrðum um aðgangsheimild.

Starfsaðilar með starfsemi eða byggingar sem tengja almennings- og flugsvæði bera ábyrgð á stjórnun umferðar um og í gegnum aðstöðu sína - sjá nánar "Aðgangsreglur að Reykjavíkurflugvelli".

Þegar aðili fer akandi um hlið á flugsvæði ber honum að gæta þess að enginn fari í gegn á eftir honum. - þ.e. bíða þar til hliðið hefur lokast að fullu. Að öðrum kosti telst viðkomandi vera gestur þess sem opnaði hliðið og á ábyrgð hans innan flugvallagirðingar.

Glatist aðgangsheimild skal það tilkynnt skrifstofu aðgangsheimilda tafarlaust

Rekstraraðila flugvallar er heimilt að svípta handhafa aðgangsheimild og/eða aðgangstækjum að flugsvæði vegna brota gegn lögum og reglum eða ef talið er varhugavert, vegna eðli brots eða annars framferðis, að hann noti tæki eða hafi aðgangsheimild. Hægt er að svípta leyfishafa aðgangsheimild/aðgangstækjum tímabundið eða ótímabundið. Ákvörðun sviptingar skal vera rökstudd og leyfishafa gefinn kostur á að njóta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Rekstraraðila flugvallar skal heimilt að afturkalla tímabundið aðgangsheimild/aðgangstæki meðan á málsmæðferð stendur.

Rekstraraðilum ber skylda til að skila inn aðgangsskrifstofu/flugvallarins aðgangsheimildum starfsmanna sem látið af hafa störfum.

Sérstakir viðburðir á vellinum, s.s. flugsýningar o.b.h. skulu áhættumetin hverju sinni.

Sjá nánar gildandi aðgangsreglur Reykjavíkurflugvallar á heimasíðu vallarins hverju sinni.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjkandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

## 2 Öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför

### 2.1 Almennt

Akstri ökutækja og vinnuvéla innan flugsvæðis og svæði einkaskýla skal haldið í lágmarki.

Notkun bifhjóla, reiðhjóla og hlaupahjóla (þar með talin rafhjóla) er bönnuð á athafnasvæði flugvallarins.

Ökutæki án aðgangsheimildar skal ávallt fylgt af aðila með gilda aðgangsheimild sem tekur ábyrgð á akstri þess.

Áður en aðili veitir ökutæki aðgang að flugsvæði ber viðkomandi ábyrgð á að ökumaður sé upplýstur um þær akstursreglur sem gilda innan flugsvæðis.

Öll skráningarskyld ökutæki/vinnuvélar innan flugvallasvæðisins i skulu standast skoðun og vera í lögmæltu ástandi.

Ökutæki sem ekið er um flughlöð skulu hafa eftirfarandi búnað:

- Gulur ljósviti.
- Dagsetningar síðustu skoðunar slökkvitækja og sjúkrakassa.
- Aðgangskort (A-akstursleyfi) í tækjum sem segja til um heimild og gildistíma tækis.
- Enginn aðskotahlutur eða verkfæri laus í eða utan á ökutæki.

Ökutæki sem fyrirhugað er að aka einnig um flugbrautir + flugvélaakbrautir skulu auk ofantaldrar upptalningar vera búin:

- Talstöð sem tryggir öruggt samband við flugturn og skal kallmerki ökutækisins vera tilgreint á lista uppi í Turni.
- Kort af flugvellinum.
- Aðgangsheimild fyrir flugvélaakbrautir og flugbrautir (D-akstursleyfi) með kallmerki ökutækisins á aðgengilegum stað

Eldsneytisbifreiðar í þjónustu viðurkenndra birgja á Reykjavíkurflugvelli, skulu vera ADR-vottaðar frá og með 1.janúar 2025. Hægt er að sækja um undanþágu á tímafrest til flugvallastjóra.

### 2.2 Forgangsröð umferðar

Á flugvellinum hafa loftför sem eru í lendingu eða flugtaki forgang. Það næst er forgangsröðin eftirfarandi:

1. Neyðarbifreiðar í forgangsakstri.
2. Flugvélar í akstri undir eigin vélaraflí.
3. Ökutæki við snjóhreinsun, hálkuvarnir, sópun, bremsumælingar og brautarskoðanir.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

### Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

4. Ökutæki með flugvél í eftirdragi.
5. Þjónustubifreiðar.
6. Önnur ökutæki.

Umferð gangandi vegfarenda er bönnuð á flugbrautum og flugvélaakbrautum nema í neyðartilvikum og við eðlilegt viðhald. Skulu þá viðkomandi tryggja talstöðvasamband við flugturn.

Ökumönnum og fótgangandi á flughlöðum er skylt að víkja fyrir loftförum. Stöðva ber í tæka tíð og í nægjanlegri fjarlægð frá loftfari þar til það hefur farið hjá. Bannað er að aka fram úr loftfari. Ökumenn skulu gæta þess að ljós ökutækja trufli loftför í lendingu, flugtaki eða akstri á flugvellinum.

Tendra skal viðvörunarljós (Anti Collision Lights) loftfara, áður en hreyflar eru ræstir. Öll umferð á flughlaði skal vera í öruggri fjarlægð frá loftfari eftir að viðvörunarljós hafa verið tendruð.

### 2.3 Hraðatakmörk ökutækja

Hámarkshraði ökutækja er eftirfarandi:

- a. 50 km/klst. á flugbrautum og flugvélaakbrautum.
- b. 30 km/klst. á flughlöðum.
- c. 10 km/klst í námunda við loftför.

Ökutæki og vinnuvélar sem starfrækt eru til snjóruðnings, bremsumælinga og ökutæki í neyðarakstri skulu undanbegin ákvæðum um hámarkshraða.

### 2.4 Kröfur til stjórnenda ökutækja og vinnuvéla

Stjórnendur ökutækja bera ábyrgð á því að hafa tilskilin ökuréttindi í gildi til aksturs í samræmi við landslög og flugvallarreglur. Frá og með 1.júlí 2025 skulu ökumenn eldsneytisbifreiða á Reykjavíkurflugvelli einnig hafa full ADR-réttindi (grunn+tanka).

Ökumenn sem aka einungis á flughlöðum og þjónustuvegum skulu hafa A-réttindi. Ökumenn sem hafa heimild á flug- og akbrautum skulu hafa D-réttindi.

Ökutækjum með lyftibúnaði skal ávallt ekið með lyftibúnað í eins lágri stöðu og mögulegt er.

Óheimilt er að aka fram úr öðru ökutæki eða vinnuvél.

Ökutæki skal ekki aka yfir akbraut flugvéla ef loftfar er þar á ferð. Ávallt skal biðja um leyfi frá flugturni ef ætlað er að aka yfir flugbraut. A.m.k. 100 metra fjarlægð skal vera í næsta loftfar jafnt aftan sem framan við það.

Óheimilt er að leggja/stöðva ökutæki þar sem það kann að verða í vegi fyrir flugvél eða öðrum ökutækjum eða þar sem ökutækið gæti valdið hættu eða óþarfa óþægindum.

### 2.5 Akstur á flughlaði

Bannað er að aka yfir búnað sem ætlað er að þjónusta loftfarið.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

**Samþykjandi:** Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

---

Ökutækjum skal hvorki ekið né lagt undir loftfari eða vængjum nema sérstök þjónusta við loftfarið krefjist þess.

Þegar tæki er ekið að loftfari til þjónustu skal leggja áherslu á að gera það samhliða langlínus loftfarsins.

Leggja skal tækinu með hjól í beinni stöðu (ekki í beygju) og að stefna tækisins sé í átt frá loftfarinu. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar nauðsynlega þarf að aka beint að loftfari.

Á flughlaði skal ávallt aka eftir merktum ökuleiðum. Nota skal merkta ökuleið eins lengi og hægt er. Þurfi ökutæki að víkja af merktum ökuleiðum til þjónustu við loftfar, skal Velja skal stystu leið til baka inn á merkta ökuleið. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa og aka í öruggri fjarlægð frá kyrrstæðu loftfari. Þar sem ekki merkt ökuleið skal lágmarksfjarlægð vera a.m.k.:

- 5 metrar frá ímyndaðri línu sem miðast við vængenda, nef og stél loftfars.
- 15 metrar frá sömu mörkum þegar eldsneytisáfylling á sér stað (sbr. lið).

Fólk og ökutæki skulu fara um í a.m.k.:

- 3 metra fjarlægð frá loftventlum eldsneytistanka í loftfari.
- 6 metra fjarlægð fyrir framan hreyfil sem er í gangi.
- 175 metra fjarlægð fyrir aftan hreyfil sem gengur hægagang.

Bannað er að aka hverskonar tækjabúnaði eða ökutæki aftur á bak að eða frá loftfari nema með aðstoð annars aðila sem segir ökumanni til og tryggir öryggi aftan við ökutækið.

Reynist nauðsynlegt að nálgast loftfar sem búið er að ræsa hreyfla á, skal fyrst hafa samband við þann starfsmann á flughlaðinu sem er í talsambandi við stjórnendur viðkomandi loftfars.

Tækjabúnaður og ökutæki skulu ekki vera á stæði eða of nálægt því, þegar loftfari er ýtt úr stæði eða tekur á loft (sbr. Þyrlur).

Ökutækjum og tækjabúnaði á flughlaði skal aðeins leggja á viðurkenndum stæðum. Sérstaklega skal varast að hindra ekki hugsanlega neyðarútgöngu farþega úr loftfari eða hugsanlega aðkomu slökkviliðs og ekki skyggja á slökkvitæki á stæðinu eða neyðarstöðvun fyrir eldsneytisáfyllingu.

Undanþágu frá þessu ákvæði hafa ökutæki og vinnuvélar ISAVIA á BIRK vegna starfa sinnar.

Akstur ökutækja er bannaður um þau svæði þar sem farangur er meðhöndlæður nema þeim sem koma að verkinu hverju sinni.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

Bannað er að stytta sér leið um svæði þar sem ferming eða afferming farangurs loftfara á sér stað.

Halda skal flughlöðum hreinum. Sérstaka áherslu skal leggja á stæði fyrir loftför og svæði þar sem farið er með farangur og farm þar sem hætta er á afgangsumbúðum og aðskotahlutum. Þó að stjórnendur á svæðinu hverju sinni séu ábyrgir fyrir eðlilegri umgengni, þá er enginn undanskilinn ábyrgð.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

### Samþykjkjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

#### 2.6 Akstur á flug- og akbrautum

Ökumenn skulu þekkja þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og ökutækja sem fyrirhugað er að aka inn á flugvélaakbrautir eða flugbrautir (umferðarsvæðum/manouvering area). Ökumaður skal ávallt notast við rétta orðtakanotkun og lesa fyrirmæli/samskipti frá flugturni orðrétt til baka.

Enginn má aka inn á stjórnað svæði (flug- og akbrautir) nema með heimild frá flugturni. - sbr. Stjórnað svæði á flugvallakorti í AIP. Þegar beðið er eftir akstursleyfi skal vera í a.m.k. 60 metra fjarlægð frá flugvélaakbraut og/eða brún flugbrautar.

Þegar ekið er eftir flugvélaakbraut eða flugbraut skal ávallt aka hægra megin nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

Ef ökumaður villist skal hann stöðva tæki utan öryggissvæðis og láta flugturn tafarlaust vita. – Sjá m.a. öryggissvæði BIRK hér: [Isavia | Kortsjá | Loftmyndir af Íslandi | Íslandskort | Map of Iceland](#)

Bili ökutæki á flugbraut og/eða flugvélaakbraut skal láta flugturn vita og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ökutækinu út af brautinni.

Ef skyggni er minna en 550 m er öll ónauðsynleg umferð ökutækja þá bönnuð. Aðeins ein flugvél má vera á ferð á flugvellinum í einu. Þá skal fjöldi einstaklinga og ökutækja við vinnu á flughlaði takmarkaður að nauðsynlegu lágmarki. Á þeim svæðum sem snjóruðningur fer fram hverju sinni, aðgæslu.

#### 2.7 Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum – utan ATC tímabils

Allur akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum, að undanskilinni starfsemi flugvallarþjónustu, er óheimill á meðan AFIS þjónusta er á flugvellinum. Í undantekningartilvikum gefur flugvallastjóri undanþágu frá þessu. Ef nauðsyn er þá er ökutæki fylgt af FþV yfir flugbraut.

#### 2.8 Vinnuvélar og dráttartæki

Dráttartæki almennt

Aðeins viðurkennd dráttartæki sem standast skoðun Vinnueftirlitsins skal notað til að draga farangurs- eða farmvagna. Dráttartæki fyrir viðkomandi stærð loftfars skal notað hverju sinni

Dráttartæki skal ekki skilið eftir í gangi. Ef farið er úr sæti ökumanns skal slökkt á vél og handhemill settur á.

Ef farangurs- eða farmvagn er aftengdur frá dráttartæki skal handhemli hans vera beitt eða tryggja kyrrstöðu með öðrum hætti.

Að ýta eða draga loftfar á eftifarandi við

- Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn sem hlotið hafa þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun afgreiðsluaðila flugrekanda, í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni, hafa heimild til að ýta og/eða draga loftfar.
- Svæðið sem loftfarið fer um skal vera hindrunarlaust og öruggt áður en ýtt er af stað.
- Tryggja ber að viðvörunarljós/blikljós (anti collision lights), sem eiga að vera á hverju loftfari og eykur sýnileika þess, séu kveikt áður en því er ýtt af stað.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

---

- Ekki skal reyna að draga loftfar með hreyfla í gangi.
- Sé loftfar dregið á flughlaði, flugvélaakbraut eða flugbraut skulu viðvörunarljós/blikljós (anti collision lights) og siglingaljós (navigation lights), sem gefa til kynna stefnu, stærð og stöðu loftfars, ávallt vera kveikt.
- Hámarkshraði við drátt loftfars á flughlaði, flugvélaakbraut eða flugbraut skal vera 20 km á klst.

Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar loftfórum er lagt skal lágmarksfjarlægð á milli loftfara vera í samræmi við flokk vélarinnar (vænghaf):

A-B: 3m

C: 4.5m

D-F: 7.5m (ólíklegt er þó að svo stórar vélar komi)

Við þjónustu loftfara skal ávallt nota tækjabúnað sem viðurkenndur er fyrir stærð þess.

Notkun loftfara á APU (auxiliary power unit) á Reykjavíkurflugvelli er ekki heimil lengur en 20mín.

Vinnuvél með færiband fyrir farangur og farm, á eftifarandi við:

- Áður en vinnuvél með færibandi er notuð skal yfirfara öryggisatriði tækisins svo tryggt sé að það starfi rétt.
- Tækið skal ávallt skilið eftir með handhemil á.
- Rekstraraðilar skulu yfirfara tækin sín og gæta þess að viðhalda þeim eftir leiðbeiningum framleiðanda og Vinnueftirliti ríkisins.

### 2.9 Flutningur á farþegum og farmi

Farþega skal aðeins flytja að eða frá loftfari með viðurkenndum fólksflutningabifreiðum og eftir öryggisreglum um fólksflutninga. Þegar viðvörunarljós (Anti collision lights) loftfars hafa verið slökkt eftir innkomu á stæði, þá eru öryggismál á stæðinu (þar á meðal ábyrgð á öryggi farþega viðkomandi loftfars og áhafnar) komin á ábyrgð viðkomandi þjónustuaðila, þegar þeir stíga frá borði viðkomandi loftfars og út á stæðið.

Ganga skal þannig frá farmi og farangri til flutnings um flughlöð að ekki skapist hætta af og frágangur sé tryggur. Ef nauðsynlegt reynist að taka krappa beygju skal gera það með varúð og sérstaklega ef verið er með tengivagna í eftirdragi.

Farþega skal aðeins flytja að eða frá loftfari eftir viðurkenndum inn- og út- akstursleiðum flugvallaryfirvalda.

### 2.10 Eldsneytisáfylling loftfara

Gildandi reglugerðum skal fylgt við eldsneytisáfyllingu loftfara. Þar að auki er farið eftir nýjustu útgáfum rekstrarhandbóka alþjóðlegra olíufélaga um eldsneytisáfyllingu loftfara (Aviation

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

Operating Standards og Joint Inspection Guidelines) eins og við á hverju sinni. Innanlandskerfið miði við JIG3 sem lágmarksstaðal.

### 2.11 Afísingu loftfara

Við afísingu loftfara skal fylgja gildandi reglugerð um affísingu. Þeir flugafgreiðsluaðilar sem hafa með höndum afísingar- og ísvarnarþjónustu (de-icing/anti-icing) fyrir loftför á BIRK skulu hafa viðurkenndar öryggis- og vinnureglur fyrir slíka starfsemi í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni.

Við afísingu loftfara skal einungis nota viðurkenndan búnað. Eftirlit með ástandi ökutækja og búnaðar til afísingar skal vera í samræmi við kröfur.

Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn skulu afísa eða ísverja loftför á Reykjavíkurflugvelli. Sama gildir um meðhöndlun efna sem notuð eru hvort sem er til afísingar eða tímabundinnar ísvarnar.

Rekstraraðilar skulu leitast eftir því að nota umhverfisvænstu úrræði/efni hverju sinni.

### 2.12 Varasöm efni og meðferð þeirra



Varúðarráðstafanir og öryggisreglur vegna geymslu og notkunar varasamra efna skulu vera í samræmi við gildandi reglugerð um verndun starfsmanna gegn heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðvum.

Rekstraraðilar skulu tryggja viðeigandi meðferð og þjálfun starfsfólks samkvæmt kröfum.

Reglur um efnanotkun á vinnustöðum er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is). Sjá lög um efni og efnablöndur, þar eru ákvæði um öryggisblöð (safety data sheet), reglugerð um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum og reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.


Allur varasamur varningur (dangerous goods) sem fer um BIRK skal vera merktur í samræmi við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, Um tæknikröfur og

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara, um flutning á hættulegum farmi á landi og í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar um.



Allur varasamur varningur skal merktur með viðeigandi fjögurra stafa „UN“ einkennisnúmeri sem skilgreinir nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna viðkomandi varnings.

Ef varasöm efni losna úr læðingi skal tafarlaust tilkynna það til varðstjóra BIRK í síma 894-3201 og vara aðra á svæðinu við hættunni.

### 2.13 Meðferð eldfimra efna

Meðferð eldfimra efna skal vera í samræmi við gildandi lög um efni og brunavarnir.

Notkun tækjabúnaðar sem gefur frá sér neista eða eld er bannaður á flughlaði nema við öruggar aðstæður og þá með samþykki flugvallaryfirvalda.

Sérstök varúð skal viðhöfð í nálægð við loftfar þegar eldsneytisáfylling fer fram. Aðeins skal ekið á merktum ökuleiðum, og ekki nær en í 15 metra fjarlægð.

Atvinnurekendur skulu tryggja að allir starfsmenn á flughlöðum hafi lokið námskeiði um verklagsreglur, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum og eldsvoða.

## 3 Viðbrögð við neyðarástandi

Skapist neyðarástand skal tafarlaust tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112, aðvara síðan alla sem eru í hættu, rýma svæðið og taka á móti björgunarliði með leiðbeiningum eftir föngum. Sjá nánar í Flugslysaáætlun fyrir Reykjavíkurflugvöll á vefsíðu Almannavarna.

Í grein 4.1.6 hér að framan er tilgreind ábyrgð forstöðumanna um þjálfun starfsfólks, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum eða eldsvoða. Notkun slökkvitækja og annars öryggisbúnaðar, staðsetning neyðarrofa til að stöðva eldsneytisáfyllingu, staðsetning brunaboða og hlutverk öryggisfulltrúa eru grundvallaratriði sem allir starfsmenn verða að þekkja.

Upplýsingar um neyðarútganga og viðbrögð við neyðarástandi skulu hanga uppi á áberandi stöðum á hverjum vinnustað á BIRK.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

### 3.1 Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka

Verði vart eldsneytisleka við áfyllingu loftfars skal tafarlaust tilkynna það til flugvallarþjónustu flugvallarins í síma 894-3201 sem hefur samband við Neyðarlínuna í síma 112 og flugvallarstjóra ef þurfa þykir. Stöðva skal dælingu eldsneytis. Vara skal alla á svæðinu við eldhættu og rýma svæðið í átt á móti vindi. Uppgufun frá eldsneyti berst með vindi og því er áríðandi að vélar séu ekki hafðar í gangi undan vindátt eða eitthvað það sem kveikt gæti í eldfimum gufum.

[Viðbrögð við eldsneytisleka umhverfisslysi mengunaróhappi hjá Isavia Innanlands.docx \(sharepoint.com\)](#)

Standi ökutæki með aflvél í gangi á flugvélastæðinu má aka því stystu leið frá eldsneytinu gegnt vindátt. Ekki skal gangsetja ökutæki á stæðinu til að koma því burt.

Tryggja skal aðkomu slökkviliðs og vísa á réttan stað.

Beina skal allri umferð frá svæðinu.

## 4 Framkvæmdir á flugvallarsvæði

Allar framkvæmdir eru óheimilar innan flugvallarsvæðis nema með leyfi flugvallayfirvalda.

Þegar flugvallayfirvöld hafa gefið slíkt leyfi, skal farið ítarlega yfir [VL705 10 Öryggisreglur fyrir framkvæmdir innan flugvallarsvæðis](#) með framkvæmdaraðila.

Tilkynna skal allar hindranir sem áætlað er að reisa í og við flugvöllinn til flugvallayfirvalda.

Vinnupallar, körfubifreiðar, lyftrarar og allur búnaður sem nota skal við tímabundna vinnu skal uppfylla öll öryggisatriði sem sett eru í viðeigandi reglugerðum og leiðbeiningum eins og vinnueftirlitið gerir kröfu um.

Ávallt þarf að hafa Skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar í huga þegar framkvæmdir, breytingar o.s.frv. eru fyrirhugaðar innan og utan við flugvallasvæðið.

### 4.1 Viðhald og viðgerðir á loftförum utandyra

Hvar sem viðgerð eða viðhald á loftfari fer fram skal forðast að eldsneyti, olía eða þrýstivökvi mengi umhverfið. Tafarlaust skal hreinsa upp það sem niður fer og óska eftir aðstoð flugvallarþjónustu ef magnið er meira en svo að það þeki 5 fermetra svæði.

Flugafgreiðsluaðilar eru ábyrgir fyrir öryggi og hreinlæti á því svæði sem þeir starfa á hverju sinni.

Við viðhaldsvinnu á loftfari utandyra er þjónustuaðili ábyrgur fyrir því að farið sé eftir viðeigandi öryggis-/verklagsreglum og reglugerðum hverju sinni.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 7.0 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

### 5 Eldsneyti og birgðastöðvar

Eldsneytisbirgðastöðvar á BIRK og flutningar eldsneytis að þeim skal vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemina og skal afla viðeigandi leyfa (sbr).

Takmarka skal umferð gesta inn á svæði eldsneytisbirgðastöðva á flugvellinum og enginn óviðkomandi skal vera þar án eftirlits.

Viðbragðsáætlun skal vera til staðar hjá rekstraraðila og staðfesting á fræðslu og þjálfun neyðarviðbragða í samræmi við starfsemi á flugvellinum

Ávallt skal halda hreinum olíuskiljum sem hirða eldsneyti sem gæti farið niður á svæðinu ásamt niðurföllum og leiðslum að slíkum skiljum.

Rekstraraðilar skulu óska eftir heimild frá flugvellinum ef koma þarf fyrir færانlegum eldsneytisvagni. Staðsetning og heimild skal vera skráð.

### 6 Vinnuvernd og heilsugæsla

Forstöðumenn fyrirtækja og deilda á BIRK eru ábyrgir fyrir því, að farið sé að gildandi lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ásamt því að halda uppi markvissu forvarnarstarfi, vinnustaðaeftirliti og þeim ákvæðum sem þar koma fram.

Í II. kafla laganna, 5. grein, segir að þar sem starfsmenn séu 10 eða fleiri, skuli atvinnurekandi tilnefna einn öryggisvörð af sinni hálfu og starfsmenn annan úr sínum hópi sem öryggistrúnaðarmann. Þeir skuli í samvinnu fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við umrædd lög.

Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa two fulltrúa úr sínum hópi og atvinnurekandi tilnefnir two fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Frekari tilgangur nefndarinnar sem og fulltrúa hennar er skilgreindur í lögnum.

Í samræmi við 23. grein laga nr. 75/2000, um brunavarnir, skal eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á BIRK vera á ábyrgð eiganda mannvirkis og fyrir eigið fé. Hér er átt við eldvarnaeftirlit sem eigendur og forráðamenn eða sérþjálfaðir starfsmenn þeirra annast eða aðilar á þeirra vegum, t.d. þjónustufyrirtæki eða sjálfstætt starfandi eldvarnaeftirlitsmenn.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar